

Fundargerð

Fundarefni:	6. Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
Dags.:	22. október 2014
Fundarmenn:	Guðni Björnsson, Erlingur Snær Erlingsson, Hólfríður Einarasdóttir, Íris Lena Leósdóttir, Karl Einarsson, Kristín Stefánsdóttir, Ólafur Guðlaugsson, Sigurður Grétarsson
Fjarverandi:	Kristín J Rögnvaldsdóttir, Stanislaw Bukowski
Ritað af:	Íris Lena Leósdóttir

1. Fundur settur.

- Guðni setti fundinn kl. 18.00

2. Fundargerð síðasta fundar

- Samþykkt án athugasemda.

3. Hvað er framundan til jóla?

- Markaðstorg 8. nóvember kl. 11 - 15
 - Guðni skipuleggur og virkjar fólk
- Fræðsla foreldra á yngsta stigi
 - verður í tengslum við morgunkaffi foreldra á yngsta stigi í nóvember, þarf að skoðast betur.
- Desemberfjör 29. nóvember kl. 11 - 14
 - Kristín Rögnvalds, varamaður, er skráð í nefndina
 - Verður að skipuleggjast betur í ár en í fyrra, nefndin var óvirk.
 - Húsnæði of lítið því mæting var svo góð, verður að nýta líka stofur og kennslueldhús.
 - Guðni ræsir nefndina, þarf að fá vant fólk með. Auglýsa í gegnum Mentor og Facebook eftir foreldrum til að taka þátt, ekki eingöngu stjórn og bekkjarfulltrúar sem geta verið með í undirbúningi og framkvæmd.

4. Samstarfsbók skóla og foreldra

- Í vinnslu hjá Guðna og Einari Birgi aðstoðarskólustjóra. Stjórn er komin með nýja útgáfu af bókinni sem allir eiga að lesa og koma með athugasemdir.

5. Foreldrasáttmálinn

- Þýðing á pólsku í prentun hjá Heimili og skóla, foreldrafélagið greiddi helming af þýðingarvinnu á móti Álfhólsskóla. Mun vera dreift til annarra skóla í landinu.
- Sáttmáladagurinn 28. október kl. 19:30
 - Guðni gerir kynningu, auglýsir og pantar húsnæðið. Bekkjarfulltrúar fylgi málum eftir og tryggi að foreldrar mæti.
 - Alls 28 bekkir í skólanum, einhverjir eru búnir. En skipta þarf þeim á milli stofa sem mæta.

6. Foreldraröltið

- Fyrsta rölt var 17. okt í vetrarfríi, bekkjarfulltrúar gátu ekki mætt en boðuðu aðra foreldra í bekknum sem mættu ekki. Sigurður rölti því einn.
- Röltplan sent til fulltrúa og nú þarf framkvæmdin að vera hjá foreldrum.
- Rölttaskan hjá Sigurði með vestum. Mætti virkja t.d. Iceland til samvinnu með því að geyma töskuna?
- Rætt um að koma þurfi röltáætlun á heimasíðu skólans. Sigurður sendir Guðna áætlunina. Mætti líka fara á Facebook.
- Þurfum að endurhugsa þetta verkefni, vantar sýnileika og ávinning af röltinu.
- Skýrslur þurfa að vera rafrænar og röltaðilar fá endurgjöf.
- Kaupa á 4 vesti og merkja þau foreldrafélaginu
 - Alltaf á vaktinni
 - FFÁ

7. Önnur mál

- Facebook síða FFÁ
 - komin með 104 fylgjendur
 - við erum ekki nógu virk, mætti t.d. minna á viðburði, útivistartíma ofl. til að minna á okkur.
- Tiltekt á skólalóð
 - Bekkirnir skiptast á um að ganga um skólalóðina og tína rusl. Sigurður hefur áhyggjur af því að þau finni sprautunálar og annað hættulegt. Hver er áhættan og er til viðbragðsáætlun?
- Skólaráðsfundur verður í næstu viku.
- Íris óskaði eftir rekstraráætlun foreldrafélagsins, Karl mun senda okkur hana í tölvupósti.

8. Fundi slitið

- Guðni sleit fundi kl. 19:15